

Ed.

602. Frumvarp til laga

[264. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82/1969.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Oddur Ólafsson, Helgi F. Seljan, Jón Árm. Héðinsson, Björn Jónsson.

1. gr.

3. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðherra óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingunni mótfallin. Enn fremur skal, áður en vínveitingaleyfi er veitt, leita umsagnar áfengisvarnanefndar í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

2. gr.

Á eftir 3. málsgr. 16. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. málsgr. þessarar greinar má þó í veitingahúsi, sem fengið hefur vínveitingaleyfi, sbr. 12. gr., afgreiða áfengi til þeirra, sem náð hafa 18 ára aldri.

3. gr.

3. másl. 27. gr. laganna orðist þannig:

Heilbrigðismálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé.

4. gr.

Síðasti másl. 1. málsgr. 30. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt í samráði við áfengisvarnaráðunaut.

Breytingar þær á áfengislögum, sem í frv. felast, miða að því að veita áfengisvarnanefndum aðstöðu til aukinna áhrifa með því að gera það skylt að leita umsagnar áfengisvarnanefndar í hlutaðeigandi sveitarfélagi, áður en veitingahúsi er veitt vínveitingaleyfi. Enn fremur er lagt til, að niður falli það ákvæði laganna, að áfengisvarnanefndir skuli vera ólaunaðar. Með frv. þessu er einnig stefnt að því að leiðrétta það misræmi, sem verður við það, að unglingum, sem orðnir eru 18 ára, er heimilt að dvelja á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, en þó má eigi selja, veita eða afhenda áfengi yngri mönnum en 20 ára. Verði þetta misræmi afnumið, má ætla, að auðveldara reynist en nú er að hafa strangt eftirlit með því, að ákvæðum laganna um þetta efni sé fylgt í framkvæmd.